

„5. Varanleg plastefni og önnur varanleg gervi-efni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á sjávarlífi, fiskveiðum, siglingum, þokkafullum svæðum eða öðrum lög-mætum notum hafsins.“

3. gr.

a-liður 1. mgr. viðauka II við samninginn orðast svo:

„a) Arsen, króm, eir, blý, nikkel, sink og efna-sambönd þeirra, sýaníð og flúoríð, varan-leg eitruð lífræn kísilsambönd, skordýraeit-ur og annað vágestaeitur ásamt aukaefn-um, enda komi viðauki I ekki til greina hér;“

4. gr.

Samningsaðilar skulu tilkynna nefndinni fyrir 31. mars 1986 um samþykki þessara breytinga skv. 2. tl. 18. gr. samningsins.

“5. Persistent plastics and other persistent synthetic materials which may float, or remain in suspension, or sink to the bottom, and which may seriously interfere with marine life, fishing, navigation, amenities or with other legitimate uses of the sea.”

Article 3

Paragraph 1(a) of Annex II to the Convention shall be amended to read as follows:

“a) Arsenic, chromium, copper, lead, nickel, zinc and their compounds, cyanides and fluorides, persistent toxic organosilicon compounds, and pesticides and their by-products not covered by the provisions of Annex I;”

Article 4

The Contracting Parties shall inform the Commission by 31 March 1986 of approval of these modifications in accordance with Article 18(2) of the Convention.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á Evrópusamningi um vernd dýra í millilandaflutningi.

Viðbótarbókun frá 10. maí 1979 við Evrópusamning frá 13. desember 1968 um vernd dýra í millilandaflutningi tók gildi 7. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1986. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.